

Alþingi
Erindi nr. Þ 133 / 316
komudagur 27.11.2006



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. nóvember 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði). Þskj. 235 - 232. mál.

Við fögnum framlagningu þessa frumvarps og metum þann góða vilja sem framlagning þess felur í sér. Við leggjum eindregið til að það verði samþykkt með eftifarandi breytingum:

1. Að minniháttar brot valdi aldrei sviptingum leyfa, hvort sem um er að ræða veiðileyfi eða leyfi til vigtunar sjávarafla og að hið sama gildi um brot sem framin eru af gáleysi.

Við bendum á að ef löggjafinn telur að í þessum tilvikum dugi áminningar ekki, þá verði ítrekuð minniháttar- og gáleysisbrot látin varða sektum, en aldrei sviptingum leyfa. Um ósanngjörni þess að svipta aðila veiðileyfi og þar með möguleikum til að afla tekna að lágmarki í átta vikur fyrir þrjár smávægilegar yfirsjónir má hafa mörg orð. Við treystum hinsvegar á að þar sem ósamræmið í þeim hagsmunum sem á að vernda og þyngd viðurlaganna liggur svo í augum uppi þá þurfi ekki að skýra það frekar. Við teljum að einungis alvarleg ásetningsbrot eigi að geta valdið leyfissviptingum.

2. Að lágmarks tími sviptigar veiði- og vigtunarleyfa verði ekki tiltekinn heldur verið það lagt í mat Fiskistofu og dómstóla.
3. Að heimild dómstóla til að gera veiðarfæri skips upptæk verði felld niður.

Þó þær tillögur um breytingar á ákvæðum um upptöku veiðarfæra sem fram koma í frumvarpinu séu jákvæðar þá duga þær ekki. Það er augljóst að upptaka veiðarfæra getur verið afar ósanngjörn og bitnar á aðila sem hefur ekkert með brotið að gera heldur hefur lagt fyrir þann brotlega að haga sér með öðrum hætti. Hér getur verið um tuga milljóna hagsmuni að ræða sem eru í engum tengslum við alvarleika brota. Sektir og upptaka ólögmeats afla eiga í öllum tilvikum að ná markmiðum sínum gagnvart þeim lögaðilum sem hér eiga í hlut.


4. Að auk þeirrar breytingar sem lögð er til á 2. mgr. 6. gr. laga 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar í 1. grein frumvarpsins verði orðin “veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog,” fell út úr 2. málslíð málsgreinarinnar.

Í sjávarútvegsráðuneytinu hefur verið nú verið samin ný vigtarreglugerð þar sem m.a. er

lögð áhersla á að nýta þá ferla sem til staðar eru í fyrirtækjunum. Að heimila öllum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði Fiskistofu um verkferla og búnað heimavigtun aflans væri liður í því þeirri hugsun að einfalda stjórnsýslu og spara fjármuni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri